

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1909.

Einar E. Sæmundsen.

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1909.

---

### Skógarhögg:

---

A. Höggvið var í skógarparti I samkv. upptalningskýrslunni.

Bálfar	19 hestb.
Hrís	58 1/2 -
Klyfberabogar	11
Klafar	4
Staurar	75
B. Annarsstaðar höggvið:	
Hrís	40 1/2 hestb.

### Græðireitur:

---

Þar hefir jarðvegurinn verið stunginn upp og herfaður, svo nú er allur reiturinn orðinn nokkurn veginn myldinn og búið að sá í 12 beð ( 6 í vor og 6 í vetur ). Auk þess hefir verið gert lokræsi eftir skipun og fyrirlagi herra skógræktarstjórans: 3 1/2 fet á dýpt og 1 feta breitt í botninn. Á botn skurðsins var lagt hríslag 1 fet á þykt, þá þurt grasrótarlág, en ofan yfir það jafn- að með mold. Var skurður þessi rúmir 20 faðmar á lengd.

Auk þess hefir verið gerður opinn skurður ofan við reitinn og grafinn gegnum hann í suðurhorninu og ofan með girðingunni að sunnan. Er skurður sá 40 faðma á lengd og ætlaður til þess að taka á móti hlákuvatni er ofan frá kemur ásamt því að þurka upp suðurhorn reitsins. Fluttur hefir og verið nokkur áburður ( húsdýra ) í réttinn ofan frá Vöglum.

### Girðingar:

---

Gamla girðingin er stóð í skógarparti I verið tekin upp og flutt út fyrir skóginn og notuð þar í norðurálmú aðalgirðingarinnar. Auk þess hefir allur skógurinn verið girtur, en um lengd girðingarinnar og annað er að henni lýtur, er herra skógræktarstjóranum kunnugt, svo ekki þykir þurfa að taka það fram hér.

### Fræsöfnun:

---

Í Háls- og Vaglaskógi var safnað 340 pd. bjarkarfræi og í Þórðarstaðaskógi 60 pd. samtals 400 pd. Þessi þungi er miðaður við það sem fræið reyndist á hverju kveldi á meðan fræsöfnuninni stóð. En vitanlega hefir það lést nokkuð við að geymast. Fræinu var eingöngu safnað af beztu, og stærstu trjánun, og til þess notaðit stigar. Voru stigar þeir gerðir úr við þeim er keyptur var til hússins, og til þess notaðar á eftir. Þó eru nokkurir til ennþá.

Af fræi þessu var herra skógræktarstjóranum sent um 150 pd. og sáð í vetur um 50 pd., svo nú eru í geymslu á Vöglum ca. 200 p.d.

Af reynifræi hefi ég fengið 50 pd. frá Skriðu og sjálfur safnað á Akureyri Álika. Þetta er geymt á Vöglum, þar er ekki

hefir verið hægt að sá neinu af því í vetur.

H ú s i ð:

-----  
Það hefir verið þakið að nýju til. Hafði á því endur fyrir löngu verið strengjapak, en blásið upp og af og ólifandi orðið upp á loftinu fyrir kulda, aðmvetrinum til. Þetta nýja pak er úr snyddum og hefir veitt mikið skjól. Við húsið hefir verið bygður skúr dálítill sem ætlaður er til skjóls og geymslu, enda vantaði hvorugtveggja tilfínnanlega. Er skúr þessi 3 al. á breidd, 3 1/2 al. á lengd og 3 al. á hæð og undir honum kjallari dálítill 2 3/4 al. á hæð eingöngu ætlaður til geymslu. Hefir skúr þessi aukið hlýindi í húsinu að miklum mun.

Ý m þ s l e g t:

-----  
Hér verður eingöngu nefnt það sem vinnureikningurinn eða fylgiskjal XXI felur í sér, og verður það þetta:

A. Plantað í skóginum ca. 400 furuplöntum 1000 víðistíkl-  
ingum frá Söðlastöðum- í vor.

B. Í vetur grafið niður reynifræið í beitarhúsunum til þess að geymast þar í vetur.

Að öðru leyti skýra hin einstöku fylgiskjöl nánar frá ýmsu.

Vöglum 26. des. 1909.

Einar E. Sæmundsen.